

Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 10 - 6.11. 2002

Miðvikudaginn 6. nóvember, árið 2002 kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 16 í Áhaldahúsi Skagafjarðarveitna ehf. Mættir voru stjórnarmennirnir: Árni Egilsson, Gísli Árnason, Einar Gíslason og Páll Pálsson veitustjóri. Páll Pálsson ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Borun við Kýrholt.
2. Bréf frá oddvita Akrahrepps.
3. Staða reksturs og framkvæmda.
4. Önnur mál.

AFGREIÐSLUR:

1. Borun við Kýrholt.
Árni Egilsson skýrði frá fundi sem hann og veitustjóri áttu með stjórn Átaks um jarðhitaleit á köldum svæðum í Reykjavík 31. okt. 2002 varðandi borun rannsóknarholu eftir heitu vatni við Kýrholt í Viðvíkursveit. Á þessum fundi var ákveðið hvernig fjármagna ætti borun holunar sem áætlað er að kosti 25 Mkr.

Fjármögnunin verður eftirfarandi:

Orkusjóður lánar 15 Mkr víkjandi lán.
Jarðhitaleitarátakið styrkir borunina um 5 Mkr.
Jarðhitaleitarátakið leggur fram 3 Mkr sem víkjandi framlag.
Skagafjarðarveitur leggja fram 2 Mkr. Samtals 25 Mkr.

Með víkjandi láni og framlagi er átt við að endurgreiðslur komi aðeins til ef árangur borunarinnar skilar því magni af heitu vatni (orku) sem nægir til að hita upp Hofsós og nágrannabyggðir. Að öðrum kosti falla þessar endurgreiðslur niður.

Farið var yfir tilboð í verkið frá Alvarri ehf sem barst 15. júlí 2002 að upphæð 20 Mkr. Einnig var farið yfir bréf frá Alvarri ehf sem barst í dag 6. nóv. 2002 og á grundvelli þessa var samþykkt að ganga til samninga við fyrirtækið um borunina.

2. Bréf frá oddvita Akrahrepps.

Árni Egilsson las bréf frá oddvita Akrahrepps Agnari H. Gunnarssyni dagsett 28. okt. 2002. Í bréfinu fer Agnar fram á formlegar viðræður við stjórn Skagafjarðarveitna ehf varðandi lagningu hitaveitu í Akrahrepp. Stjórnin samþykkir að ganga til viðræðna við hreppsnefnd Akrahrepps um málið.

3. Staða reksturs og framkvæmda.

Veitustjóri fór yfir stöðu reksturs og framkvæmda 1. okt. 2002 sem virðist vera í jafnvægi.

4. Önnur mál.

a) Rætt um heimasíðu Skagafjarðarveitna ehf. og nýtt merki fyrirtækisins.
b) Boðað hefur verið til hluthafafundar í atvinnupróunarfélaginu Hring 14. nóv. nk. Samþykkt er með tveim atkvæðum að Gísli Gunnarsson fari með umboð

Skagafjarðarveitna ehf á fundinum. Einar Gíslason telur eðlilegt að stjórn Skagafjarðarveitna ehf fari með umboðið og greiðir því atkvæði á móti.

Fleira var ekki á dagskrá. Fundargerðin lesin upp og samþykkt og fundi slitið kl. 1815